

Nefndasvið Alþingis, Austurstræti 8 – 10,  150 REYKJAVÍK	Dagsetning 23. febrúar 2005	Tilvísun A-8 LÖ/bb
---	--------------------------------	--------------------------

Vísað er til erindis nefndarinnar, dags. 9. febrúar sl., þar sem óskað er umsagnar um skýrslu um umfang skattsvika á Íslandi, 442. mál.

Meginniðurstaða skýrslunnar er sú að skattsvik í formi vanframtalinna tekna, þ.m.t. vegna svartrar atvinnustarfsemi, kunni að hafa minnkað og skil á virðisaukaskatti batnað á liðnum árum. Á hinn bóginn hafi skipulögð skattsvik aukist á sama tíma og nýjar skattsvikaleiðir bæst við, einkum í gengum erlend samskipti. Þá kemst nefndin að þeirri niðurstöðu, að gefnum eðlilegum fyrirvörum varðandi aðferð hennar við að meta skattsvik hérlendis, að tekjutap ríkis og sveitarfélaga vegna skattsvika geti verið 8,5 til 11,5% af heildarskatttekjum ríkis og sveitarfélaga. Hagsmunir þeir, sem í húfi eru, skipta samkvæmt þessu tugum milljarða króna.

Að mati Ríkisendurskoðunar hefur verið vel að verki staði við gerð skýrslunar. Skýrslan er skýrt og þarft innlegg í umræðuna um skattsvik hér á landi auk þess sem hún hefur að geyma fjölmargar tillögur til að sporna við skattsvikum, einkum á sviði löggjafar og skattfrankvæmdar. Ljóst er því að stjórnvöld geta haft mikil not af skýrslunni og þeim tillögum, sem skýrsluhöfundar gera, í baráttu sinni við skattsvik þó auðvitað megi deila um einstakar tillögur og áherslur skýrsluhöfunda. Má í því sambandi t.d. nefna þá niðurstöður nefndarinnar að heppilegast sé að skattyfirvöld sjálf fái heimild til að fara með mál fyrir dómstóla, bæði í því skyni að fá úrlausn dómstóla í álitamálum og að sækja menn til saka, sbr. liður 14.9.5 í skýrslunni er fjallar um ábyrgðarsvið skattyfirvald. Að mati Ríkisendurskoðunar verður að kanna tillögu þessa mun nánar og þá frá víðara sjónarhorni en sýnist gert í skýrslunni.

Ríkisendurskoðun telur að umrædd skýrsla gefi stjórnvöldum ágætt tilefni til þess að skoða þessi mál nánar sem og þau úrræði og tillögur, sem nefndin gerir til úrbóta. Einkum sýnist brýnt að bregðast skjótt við nýjum skattsvikaleiðum, sem fjallað er um í skýrslunni.

